

Tilvísun í mál: MMR15110233

Til stjórnar Íslandsdeildar ICOM:

Erindi stjórnar Íslandsdeildar ICOM til ráðherra var framsend undirrituðum til að svara f.h. ráðherra. Er beðist forláts á þeim drætti sem orðið hefur á eftirfarandi svári:

Tónlistarsafn Íslands var stofnað af Kópavogsbæ með stofnskrá sem var samþykkt í bæjarráði Kópavogs 5. október 2006, og endurskoðuð síðast 10. október 2013.

- Tónlistarsafnið er því í eigu Kópavogsbæjar og rekið af bæjarfélaginu, og mennta- og menningarmálaráðuneyti getur því hvorki talist ábyrgðaraðili né eigandi Tónlistarsafnsins.

Með samningi sem undirritaður var 23. janúar 2009 f.h. stjórnvalda af þáverandi menntamálaráðherra og staðfestur af fjármálaráðherra var ákveðið að menntamálaráðuneyti mundi styrkja rekstur safnsins með árlegu framlagi. Slíkir samningar, þ.e. um stuðning við rekstur einstakra safna, eru í gildi við fleiri aðila, en hafa allir að geyma ákvæði um fyrirvara vegna ákvarðana Alþingis í fjárlögum ár hvert um framlög til að standa við vilyrði viðkomandi samninga um fjárhagslegan stuðning.

Í fyrirspurninni er því haldið fram að Tónlistarsafn Íslands sé viðurkennt safn af hálfu safnaráðs, sem er ekki rétt. Í 1. málslíð 1. mgr. 9. gr. safnalaga nr. 141/2011 segir: „*Ráðherra veitir safni viðurkenningu að fenginni tillögu safnaráðs.*“

- Ráðherra veitti Tónlistarsafninu viðurkenningu á grundvelli þessa ákvæðis safnalaga þann 5. febrúar 2014.

Sem eiganda Tónlistarsafnsins er það hlutverk Kópavogsbæjar að móta stefnu fyrir starfsemi þess, m.a. þannig að varðveislu safnkosts safnsins sé ekki stefnt í hættu.

- Yrði tekin ákvörðun um lok starfseminnar eða verulega breytingu á rekstrarformi safnsins myndi aðkoma ráðuneytisins að málefnum safnsins markast af ákvæðum 12. gr. safnalaga.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Þorláksson



**Eiríkur Þorláksson sérfræðingur / Senior Adviser / Seniorráðgiver**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet

Sölvhólsögötu 4, 101 Reykjavík, Iceland.

Sími/ Tel: [+\(354\) 545 9500](tel:+3545459500)